

Alþingi  
Erindi nr. P 131/681  
komudagur 28.12.2004



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Suðurlandsbraut 22  
108 Reykjavík  
Sími 540 6400  
Fax 540 6401  
hjukrun@hjukrun.is  
www.hjukrun.is

Reykjavík, 27. desember 2004

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um græðara, þskj. 257 – 246. mál.**

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um framkomið frumvarp til laga um græðara. Félagið telur til mikilla bóta að lagaumgjörð verði sett um störf græðara. Með frumvarpi þessu er reynt að tryggja gæði þjónustu græðara og lögð áhersla á þagnarskyldu þeirra.


Stjórn Fíh vill gera athugasemd við orðalag 2. gr. frumvarpsins þar sem segir “Slík þjónusta felur meðal annars í sér meðferð á líkama einstaklings með það að markmiði að efla heilsu hans, lina þjáningar, draga úr óþægindum og stuðla að heilun”. Með því að takmarka skilgreiningu um heilsutengda þjónustu græðara við meðferð á líkama þeirra sem til græðara leita telur stjórn Fíh að verið sé að útiloka þann hóp græðara sem veitir meðferð sem leiðir af sér bættu andlega heilsu þess sem til hans leitar.

Stjórn Fíh vill einnig gera athugasemd við skilgreiningu á orðinu græðari eins og hún kemur fyrir í 2. gr. frumvarpsins. Þar er lögð áhersla á að þjónusta græðara sé utan hins almenna heilbrigðiskerfis. Stjórn Fíh bendir á að umræddar meðferðir eru í vaxandi mæli veittar innan heilbrigðiskerfisins.

Í 7. gr. frumvarpsins kemur fram að „Meðferð vegna alvarlegra sjúkdóma skal einungis veitt af löggiltu heilbrigðisstarfsfólki. Þetta gildir þó ekki ef sjúklingur óskar eftir þjónustu græðarar eftir samráð við lækni“. Sú spurning hlýtur að vakna hvort með þessu sé lækni að framselja lögbundið vald og ábyrgð? Hver verður réttarstaða skjólstaðings, græðara og lækni ef álitamál rísa vegna meðferðar græðara eftir tilvísun lækni? Stjórn Fíh tekur undir nauðsyn þess að þjónusta græðara sem veitt er samfara hefðbundinni lækniþjónufræðilegri meðferð sé þekkt, þannig að koma megi í veg fyrir að veittar meðferðir fari ekki saman. Hins vegar telur stjórn Fíh nauðsynlegt að skýra betur tilgang og framkvæmd þessa ákvæðis.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,

  
Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður